

Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

haldinn í Þingborg í Flóahreppi þriðjudaginn 24. nóvember 2022 kl.15:00

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Jón Bjarnason, Hulda Kristjánsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Haraldur Þór Jónsson, Geir Sveinsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Sandra Sigurðardóttir, Dagný Davíðsdóttir, Daði Geir Samúelsson, Árni Eiríksson, Anný Ingimarsdóttir, Edda Sigurjónsdóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, Hólmfríður R. Rúnarsdóttir og í fjarfundi var Elliði Vignisson.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

Auk þess sat fundinn Melkorka Jónsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

Dagskrá aðalfundar.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.

Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. fer yfir ársskýrslu fyrir starfsárið 2021.

2. Ársreikningur síðasta rekstrarárs.

Ársreikningur fyrir árið 2021 lagður fram. Samþykktur samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun 2023.

Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2023 þar sem fyrirbyggjandi er að Hveragerðisbær og Ölfus gangi út úr SVÁ frá og með 1. mars 2023. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

4. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.

Engar tillögur hafa borist um breytingar á samþykktum.

5. Ráðning löggilts endurskoðanda.

Deloitte ehf. hefur séð um endurskoðun reikninga og lagt til að halda því áfram. Samþykkt samhljóða.

6. Staða Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

Ása Valdís Árnadóttir, formaður NOS fór yfir stöðu byggðasamlagsins, Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. Fyrir liggur að breytingar verði á byggðasamlaginu á næstu mánuðum. Breytingarnar sem verða er að svæðið sem áður var eitt þjónustusvæði mun á fyrstu mánuðum 2023 verða að þremur þjónustusvæðum; Ölfus, Uppsveitir og Flói og Hveragerði. Verið er að vinna að nánari útfærslum á hverju þjónustusvæði fyrir sig.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál voru lögð fram.